

Nefndarsvið Alþingis  
bt. Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. janúar 2021

Umsögn Blaðamannafélags Íslands um:

*Tillaga til þingsályktunar um ráðstöfun útvarpsgjalds, 397. mál.*


*(Lagt fyrir Alþingi á 151. löggjafarþingi 2020–2021.)*

Stjórn Blaðamannafélags Íslands þakkar allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að veita umsögn um ofangreint mál.

Blaðamannafélag Íslands er andvíggt efni þingsályktunartillögunar og telur ekki efni til þess að veikja fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins með því að skipta upp þegar hóflegu útvarpsgjaldi. Almannaútlit gegnir mikilvægu menningar- og upplýsingarhlutverki í íslensku samfélagi. Miklu eðlilegri og heilbrigðari aðgerð til þess að styrkja upplýsingakerfi íslensks samfélags og fjölmiðla, sem starfa þar, er að taka Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði eða að minnsta kosti skilgreina hlutverk þess þar mjög nákvæmlega og bæta því upp tekjutap vegna þess með hækkun útvarpsgjaldsins. Það þjónar ekki hagsmunum neins og allra síst hagsmunum íslensks almennings að hafa umræðuna um hlutverk Ríkisútvarpsins og hlutverk þess í íslensku samfélagi í þeim skotgröfum sem hún hefur verið undanfarin ár. Því þarf að breyta og horfa á íslenskra upplýsingamarkaðinn í heild og tryggja að reglur á honum séu heilbrigðar og styrki við fjölmiðla og það mikilvæga hlutverk sem fjölmiðlar hafa í upplýstum lýðræðissamfélögum, sem við lítum til fyrirmynda í þeim eignum.

Að sjálfsögðu er fulltrúi félagsins reiðubúinn að koma fyrir nefndina og gera betur grein fyrir afstöðu félagsins sé þess óskað.

Virðingarfyllt,  
f.h stjórnar BÍ



Hjálmar Jónsson, formaður BÍ